

# XD

## Af hverju?

Ég hef stundað „kaffistofupólitík“ í mörg ár en fannst kominn tími til að bjóða fram krafta mína í þágu Akurnesinga. Ég hef verið Sjálfstæðismaður alla mína tíð og fannst því eðlilegt að bjóða fram krafta mína fyrir Sjálfstæðisflokkinn.

## Hvað vil ég?

Ég vil stuðla að eflingu atvinnulífs í bænum til að skapa grundvöll að traustum rekstri bæjarfélagsins. Það gefur okkur svo möguleika á að hlúa vel að börnum okkar, eldri borgurum og þeim sem minna mega sín.

Ég vil að Akranes verði áfram þannig bæjarfélag að fólk velji að búa hér og ala upp börn sín.

Ég vil að þeir sem veljast til forystu vinni allir saman af heilindum að hagsmunum bæjarfélagsins.

## Hver er ég?

Ég er fæddur 1962 og hef búið á Akranesi alla tíð að undanskildum fimm árum er ég bjó þrjú ár í Odense í Danmörku og tvö ár í Kópavogi. Giftur vestfirðingnum Ösp Þorvaldsdóttur og eigum við þrjú börn (27, 25 og 7 ára) og tvö barnabörn. Er menntaður vélstjóri og rekstrarteknifræðingur. Hef unnið margvísleg störf frá því ég byrjaði sem blaðburðardrengur um 10 ára aldur. Starfa nú hjá Skaganum hf hér á Akranesi.

**Ágætu Sjálfstæðismenn!**

**Ég óska eftir stuðningi ykkar í**

**2. til 3. sætið þann 27. febrúar**

Nýtt fólk til áhrifa



# Einar Brandsson

## 2. - 3. sæti